

(B. XVI, 1).

Nd.

43. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson og Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórnin felur forstjóra landsverslunar forstöðu áfengisverslunar ríkisins.

Ríkisstjórnin getur sett lyfjafróðan mann forstjóra landsverslunar til aðstoðar og til eftirlits með lyfjabúðum og áfengiskaupum þeirra. Hann skal vera ráðunautur landsverslunar um kaup á nauðsynlegu áfengi til lyfja, um-

búðum og hjúkrunargögnum, er talin verða í lyfjasöluskránni og ríkisstjórnin eða lyfjabúðir og læknar með lyfsöluleyfi óska eftir.

Reglur um verkaskiftingu milli forstjóra landsverslunar og eftirlitsmanns lyfjabúða setur ráðherra með erindisbrjefi.

2. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Á vinnanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

Greinargerð.

Frv. þetta er fram komið í því skyni að draga nokkuð úr kostnaði við verslunarrekstur ríkisins og auka tekjur af honum.

Á síðasta þingi var frv. borið fram að mestu í sama formi og nú. Hafði allsherjarnefnd Nd. málið til meðferðar seint á þingi, og var það eftir till. hennar þá afgreitt með rökstuddri dagskrá um það traust á stjórninni, að hún sæi um sparnað við rekstur áfengiseinkasölnunar.

Sá sparnaður hefir eigi, svo kunnugt sje, komið fram í öðru en því, að birgðastöð verslunarinnar var flutt úr dýrum leiguhíbýlum í Nýborg, birgðahús landsverslunarinnar, sem að miklu stóð ónotað.

Um rekstur verslunarinnar gildir það sem fyr, að hann hlýtur að verða mun dýrari meðan hún er sjerstök stofnun en orðið gæti, ef hún yrði samtengd aðalverslun ríkisins, þar sem hún á heima að eðlilegum hætti, og mundi sparnaðurinn einkum koma fram í minkuðu mannhaldi og lægri húsaleigu, þar sem ein skrifstofa yrði í stað tveggja.

Nú munu 13 fastir starfsmenn vera við skrifstofu, búð og birgðastöð áfengisverslunarinnar, auk 5 eða 6 aðstoðarmanna með breytilegum launum. Mun eigi fjarri fara, að laun allra þessara manna nemi 100000 kr. á ári.

Hins vegar mun landsverslun hafa 11 menn í skrifstofu og við afgreiðslu, en hún hlýtur að hafa miklu fleiri afgreiðslur að annast en áfengissalan, bæði vegna viðskifta með tóbak við fjölda kaupmanna og olíusölu til alls þorra útgerðarmanna. Má þó ætla, að hún með nokkrum liðsauka gæti bætt við sig störfum áfengiseinkasölnunar, einkum í skrifstofu. Er eigi ósennilegt, að af samlögðu föstu liði beggja stofnana — 24 mönnum — nægðu $\frac{2}{3}$, eða 16 menn.

Um undanþágu álagningar á áfengi til lyfja, sem hjer er ráðgert að fella niður, er það að segja, að slík undanþága er svo lítilvæg ívilnun fyrir neytendur eða notendur lyfja, að nær engu skiftir, en hún veldur sjáanlega og eftir fenginni reynslu mikilli rýrnun í tekjum ríkisins af áfengiseinkasölnunni.